

Samrekstur leik- og grunnskóla

Á 288. fundi fræðslunefndar, þann 20. september 2009 var eftirfarandi bókun færð

1. Samrekstur leik- og grunnskóla á Þingeyri.

Lagt fram minnisblað leik- og grunnskólafulltrúa, um samrekstur leik- og grunnskóla á Þingeyri. Í nýjum lögum um leikskóla og lögum um grunnskóla er nú heimild til að samreka þessi tvö skólastig.

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar telur ekki tímabært að hrinda sameiningarferli af stað sem stendur. Ekki liggja fyrir neinar starfslýsingar, undirbúningur starfsfólks er enginn og aðdragandi að sameiningu of skammur.

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar leggur hins vegar til að stefnt skuli að sameiningu skólanna með vorinu og að undirbúningur að því hefjist hið fyrsta.

Í kjölfar þessarar bókunar var ákveðið að leikskólafulltrúi, grunnskólafulltrúi og skólastjórnendur skólanna á Þingeyri myndu taka saman skýrslu um málið, þar sem fram kæmu kostir og gallar slíkrar sameiningar.

Í lögum um leikskóla nr. 90 og grunnskóla nr. 91, sem tóku gildi 1. júlí 2008 er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að reka saman leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra. Eitt af markmiðum þessarar heimildar er að opna fyrir fjölbreytni, sveigjanleika og þróun í skólastarfi í þágu barna.

Í 28. gr. í leikskólalögunum segir:

Sveitarfélögum er heimilt að reka saman leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra að fenginni umsögn nefndar skv. 2. mgr. 4. gr. Skal stjórnandi slíkrar stofnunar hafa leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi. Sveitarstjórn getur ákveðið að foreldraráð, sbr. 11. gr., og skólaráð, sbr. 8. gr. laga um grunnskóla, starfi sameiginlega í einu ráði.

Hinn samrekni skóli starfar að öðru leyti samkvæmt lögum um viðkomandi skólastig.

Sama texta er einnig að finna í 3. mgr. 45. gr. grunnskólalaga nr. 91 frá 2008.

Nú þegar hafa mörg sveitarfélög farið af stað með sameiningu skólastiga, en í skýrslu sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið í desember 2009 kom fram að 10 sveitarfélög eru farin af stað með samrekstur leik- og grunnskóla og 9 sveitarfélög farin af stað með samrekstur leik- grunn- og tónlistarskóla. Í heildina svöruðu 68 sveitarfélög af 77.

2. Hver ætti að vera ávinningur af samrekstri leikskóla og grunnskóla- að hverju er stefnt með sameiningu ?

Starfshópurinn sammála um að til þess að réttlætánlegt sé að fara út í samrekstur leikskóla og grunnskóla þurfi það að hafa í för með sér að ávinning á eftirfarandi þáttum í starfsemi skólanna. Gæta verður þess að með samrekstri verði ekki gengið á þau grundvallaratriði sem stuðla að vellíðan barna í skólanum þannig að þau öðlist þá tilfinningu að skólinn sé öruggur samastaður í leik og starfi.

Starfshópurinn sammála um að til þess að réttánlegt sé að fara út í samrekstur leik- og grunnskóla þurfi það að hafa í för með sér ávinning á eftirfarandi þáttum í starfsemi skólanna :

- Samræmd fagleg uppbygging
 - ein skólastefna fyrir bæði skólastigin - heildarsýn
 - meiri samfella í námi barna milli skólastiga, skil milli skólastiga gerð auðveldari fyrir nemendur
 - faglegur ávinningur fyrir starfsfólk og nemendur
- Aukin skilvirkni í stjórnun
 - stærri liðsheild, aukið samstarf/stuðningur milli starfsmanna
 - samnýting starfsmanna á skólastigunum
 - upplýsingaflæði um skólastarfið verði einfaldara
- Hagræðing í rekstri
 - sameiginleg innkaup
 - samnýting á húsnæðis og búnaði

3. Leikskólinn Laufás

Leikskólinn Laufás er heilsuleikskóli með börn á aldrinum 1 - 6 ára. Fjöldi barna í skólanum er nú 17. og skiptist þannig í árganga:

2004	2005	2006	2008	2009
5	3	4	4	1

Búið er að sækja um fyrir 5 börn haustið 2010, þannig að ekki lítur út fyrir að verði fækkun í skólanum næsta vetur.

Starfsmannahald.

Alls starfa við skólann sex starfsmenn. Þrír kennarar, tveir í 100% stöðu og einn í 62,5%.. Skólastjóri er í 100 % starfi og sér um sérkennslu og afleysingar. Síðan er matráður í 90% starfi og einn ræstitæknir.

Stjórnun skólans

Í 5. gr. leikskóla nr. 90/2008 segir að við leikskóla skuli vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskólans og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskráleikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli. Starf leikskólastjóra í einnar deildar leikskóla skiptist á milli stjórnunar, umsjón með sérkennslu og afleysingar.

Helstu verkefni leikskólastjóra eru:

- Stjórnar daglegir starfsemi leikskólans
- Ber rekstrarlega ábyrgð
- Hefur eftirlit með húsnæði, leikvelli og ber ábyrgð á eðlilegu viðhaldi
- Ber ábyrgð á að til séu uppeldis- og kennslugögn
- Sér um ráðningar starfsmanna
- Ber ábyrgð á móttöku nýrra starfsmanna
- Sér um miðlun upplýsinga til starfsmanna
- Gerir starfsáætlanir og stjórnar starfsmannafundum
- Er faglegur leiðtogi
- Sér um að reglulegt mat fari fram
- Ber ábyrgð á samstarfi við foreldra

4. Grunnskólinn á Þingeyri

Grunnskólinn á Þingeyri er heildstæður grunnskóli ætlaður nemendum frá 1. – 10. bekk. Fjöldi nemenda í skólanum eru nú 44 og skiptast eftir árgöngum á eftirfarandi hátt:

1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
3 nem.	0 nem.	4 nem.	5 nem.	5 nem.	6 nem.	6 nem.	5 nem.	3 nem.	7 nem.

Töluverð fækkun hefur orðið á nemendum á síðustu árum. Vorið 2010 munu væntanlega sjö nemendur útskrifast úr 10. bekk með grunnskólapróf, en sex innritast í skólann í fyrsta bekk. Að óbreyttu mun því nemendafjöldi verða 43 á næsta skólaári. Ef miðað er við fjölda barna á sem koma inn í Grunnskólann á næstu árum, munu þrír nemendur koma inn í Grunnskólann haustið 2011 og aftur þrír haustið 2012 og þar á eftir enginn nemandi (2011,2012,2013) að óbreyttu, þ.e.s. sex nemendur í skólann, en á sama tíma munu fjórtán útskrifast frá Grunnskólanum. Miðað við þessar upplýsingar, verður nemendafjöldi 35 haustið 2013.

Starfsmannahald

Alls starfa við skólann sjö kennarar. Sex kennarar í fullri stöðu, eða því sem næst, og einn í rúmlega 30 % starfi. Skólastjóri er í 100 % starfi en hefur kennsluskyldu upp á 10 kennslustundir á viku. Auk skólastjóra og kennara er húsvörður í 75 % starfi. Ræsting skiptist á milli tveggja ræstitækna.

Stjórnun skólans

Samkvæmt kjarasamningi er stjórnun skólans bundin skólastjóra sem jafnframt hefur ákveðna kennsluskyldu sem tekur mið af nemendafjölda skólans. Sú kennsluskylda skólastjóra er 10 kennslustundir, eða 38 % starf við kennslu. Þannig má segja að starf skólastjóra skiptist í stjórnunarpátt sem er 62 % og kennslu sem er 38 % . Einn af kennurum skólans gegnir hlutverki staðgengils skólastjóra, ef skólastjóri er frá störfum í skemmri eða lengri tíma. Kveðið er á um helstu störf skólastjóra í lögum um grunnskóla. Í 7. gr. laganna stendur m.a. þetta „ *Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forystu og ber ábyrgð á starfi hans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins,*..

Helstu verkefni skólastjóra við skólann er hægt að skipta upp í fjóra þætti.

- starfsmannastjórnun
- fagleg forysta
- rekstur
- ábyrgð á daglegum rekstri

Starfsmannastjórnun

Með starfsmannastjórnun er átt við könnun á starfsmannþörf, auglýsa eftir starfsfólki, ráðningarviðtöl, gerð ráðningarsamninga og tilheyrandi vinnu sem er því samfara svo sem vinnuramma kennara, vinnuskýrslur og stundarskrárgerð. Ákveður að öðru leyti vinnuframlag / viðfangsefni einstakra starfamanna. Hefur með höndum starfsmannaviðtöl og skipuleggur endur- og símenntun starfsmanna í samráði við starfsmenn.

Fagleg forysta

Fagleg forysta byggir á því að leiða hóp starfsmann í þeirri vinnu að skapa góða liðsheild og móta framtíðarsýn skólans. Hann mótar stefnu og starfsanda með sínum starfsmönnum sem leiðir til árangursríks skólastarfs. Hann ber ábyrgð á gerð skólanámskrár og starfsáætlun skóla liggi fyrir ár hvert, innra mati eða sjálfsmati skóla, gerð áætlana um umbóta- og þróunarstarf í framhaldi af matinu. Einnig gerð annara áætlana m.a. jafnréttisáætlun og áætlun um viðbrögð við einelti og áföllum í skólasamfélaginu.

Skólastjóri ber ábyrgð á samskiptum við aðila utan skólans m.a. að koma á starfandi Skólaráði við skólann og stjórnar fundum þess.

Rekstur – daglegur rekstur

Skólastjóri ber ábyrgð á starfsemi skólans og daglegum rekstri hans. Hann ber ábyrgð á innkaupum til skólans og því að unnið sé eftir samþykktri fjárhagsáætlun og að skólinn haldi sig innan marka fjárhagsáætlunar. Í starfi sínu tekur hann mið af gildandi lögum um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu sveitarfélagsins.

5. Samstarf sem nú þegar er milli skólanna á Þingeyri

Mikið og gott samstarf hefur verið á milli skólanna á Þingeyri undanfarin ár. Leikskólinn hefur rekið mötuneyti og dægradvöl fyrir grunnskólann. Grunnskólinn hefur verið með vorskóla og sundkennslu fyrir leikskólann. Skólarnir hafa sameinast um leiksför og eins eru reglulegar heimsóknir milli skóla, t.d. í tengslum við Dag íslenskrar tungu og árshátíð grunnskólans. Mikill áhugi er meðal stjórnenda skólanna að auka þetta samstarf enn frekar. Það má t.d. skoða hvort að hægt sé að auka íþróttastarf innan leikskólans með því að fá íþróttakennara grunnskólans til að vera með íþróttatíma á leikskólanum. Eins að sameinast um danskennslu.

6. Launakjör skólastjórnenda

Ef laun eru tekin samkvæmt kjarasamningi Skólastjórafélags Íslands þá eru grunnlaun skólastjóra á Þingeyri kr. 397.675,- (miðað við nemendafjölda og án launaflokka vegna menntunar og reynslu). Samkvæmt samkomulagi Launanevndar sveitafélaga og Kennarasambands Íslands fyrir Skólastjórafélag Íslands um laun stjórnenda í samreknum skólum, mun skólastjóri grunnskóla hækka um þrjá launaflokka ef leikskólanemendur eru á bilinu 1 - 30.

Á leikskólanum Laufási eru 17 nemendur eins og er (upplýsingar fengnar af heimsíðu leikskólans þann 19. janúar 2010). Þannig yrðu grunnlaun skólastjóra í samreknum skóla 431.414,-

Í fyrrnefndu samkomulagi er þess jafnframt getið að sveitarstjórn er heimilt að minnka kennsluskylda skólastjóra í samreknum skóla til samræmis við aukið stjórnunarumfang. Í dag er kennsluskylda skólastjóra 10 tímar á viku. Ekki er ólíklegt að kennsluskylda myndi minnka um 3 - 4 kennslustundir á viku, sem er kostnaðaraukning fyrir sveitarfélagið upp á 450.000 - 600.000 þúsund á ári.

Ef laun skólastjóra leikskólans eru tekin samkvæmt kjarasamningi Leikskólakennarafélags Íslands þá eru grunnlaun leikskólastjóra á Þingeyri 391.001,- (miðað við leikskólastjóri 1, 6 símenntunarflokka og miðað við 40 ára aldur). Samkvæmt samkomulagi Launanevndar og

Kennarasambandsins hækka laun leikskólastjóra um 8 launaflokka ef viðkomandi tekur að sér skólastjórn beggja skólastiga og yrðu þá grunnlaun hans 437.892,-

Mikilvægt er að hafa í huga að mjög erfitt er að bera saman laun skólastóra milli skólastigana í þessu samhengi þar sem kjarasamningar eru mjög ólíkir.

Laun deildarstjóra á leikskóla eru 316.806,- krónur á mánuði, líklegt er að deildarstjóri yrði hærra launaður þar sem hann væri með meiri ábyrgð en hefðbundinn deildarstjóri á leikskóla (+ 4 launaflokkar = 335.001). Ef ráðinn yrði aðstoðarleikskólastjóri þá eru launakjör hans mjög sambærileg við launakjör deildarstjóra með viðbótarlaunaflokka.

Ekki væri hægt að minnka nema um ca. 25% stöðu í leikskólanum þar sem það þyrfti afleysingarstöðu og einnig stöðu til að sjá um sérkennslu. Einnig þyrfti að bæta við aðstoð í mötuneytinu, þar sem leikskólastjóri aðstoðar þar mikið.

Fjárhagsleg hagræðing í leikskólanum ca. 1.200.000 kr. ársgrundvelli, miðað við að skólastjóri grunnskólans tæki að sér stjórnun beggja skólanna, á móti kæmi aukinn kostnaður vegna viðbótarlaunaflokka og kennsluafsláttar sem næmi um 1.000.000,-. Því er ljóst að fjárhagsleg hagræðing vegna samrekstursins er ekki fyrir hendi.

7. Hvaða verkefni flytjast á milli stjórnenda

Með sameiginlegri stjórnun er ljóst að töluverð vinna flyst á milli stjórnenda. Þó eru skýrsluhöfundar sammála um að ef stofnanirnar væru undir einu þaki væri mögulegt að flytja enn fleiri verkefni á milli.

Eftirfarandi listi eru þau verkefni sem skýrsluhöfundar telja að flytjist á sameiginlegan stjórnanda ef til sameiningar kæmi :

- Starfsmannahald - ráðningar, vinnuskýrslur, starfsmannasamtöl og fl.
- Fjármál - fjárhagur, innkaup, reikningagerð
- Heimasíðan - ein sameiginleg heimasíða sem skólastjóri bæri ábyrgð á
- Fagleg forysta - yfirumsjón með skólanámskrágerð, stefnumótun, sjálfsmati, fagþróun, skipulagi starfsdaga, skapa liðsheild og margt fl. (Þessi þáttur yrði að vinnast í miklu samstarfi við yfirmann á leikskóla)

Helstu gallar sem skýrsluhöfundar sjá við að vera með stjórnanda sem er ekki staðsettur í sameiginlegu húsnæði :

- Minni tengsl við fólk í hinum staðnum - hér er verið að vísa í alla þætti, starfsfólk, nemendur og foreldra.

- Ekki tækifæri til að grípa inn í mál sem koma upp í dagsins önn.
- Spurning hvort að hluti af verkefnum skólastjóra falli á deildarstjóra vegna fjarlægðar við „hinn“ skólann.

Ef skólinn yrði undir einu þaki væru þessir þættir ekki gallar, enda hafa þeir ekkert með það að gera hvort að skólastjórinn sé yfir einu skólastigi eða tveimur heldur meira með staðsetningu yfirmannsins að gera.

Eins er má segja að það geti verið galli að yfirmaður tveggja skólastiga hefur hugsanlega mismikla innsýn í starfið á „hinu“ skólastiginu. En þó má koma til móts við þetta með því að ganga lengra en leik- og grunnskólalögin og gera ekki bara kröfu um leyfisbréf á öðru skólastiginu, heldur fara fram á leyfisbréf á báðum skólastigum, eða a.m.k. mikla reynslu af störfum á báðum skólastigum.

8. Viðhorf til sameiningar

Viðhorf Skólaráðs og kennara við Grunnskólann á Þingeyri á hugsanlegum samrekstri

Á kennarafundi 8. febrúar sl. var hugsanlegur samrekstur skólanna á Þingeyri ræddur. Eftirfarandi var bókað „*kennarar álykta að miðað við þær aðstæður sem eru í dag, sé ekki tímabært að samreka stofnanirnar.*„ Kennarar lýsa því jafnframt yfir að þeir eru tilbúnir í samstarf sem miðar að því að auka og gera samvinnu skólastiganna tveggja á Þingeyri markvissari.

Á fundi Skólaráðs 5. febrúar sl. var málið tekið fyrir og eftirfarandi bókað „*Skólaráð telur æskilegt að halda áfram opinni umræðu um málið, en að samrekstur skólanna sé ekki tímabær í dag*“.

Viðhorf foreldrafélags og starfsmanna Laufás á hugsanlegum samrekstri

Í bréfi dagsettu 13. febrúar sl. kemur fram eftirfarandi sjónarmið.

Fulltrúar foreldraráðs/félags Laufáss á Þingeyri efast um hagræðingu þess að sameina stöður grunn- og leikskólastjóra á Þingeyri. Æskilegt sé að bíða með sameiningu þar sem sýnt hefur verið fram á að séu þessi skólastig ekki undir sama þaki, eins og raunin er á Þingeyri, sé sameining ekki til bóta. Æskilegt sé jafnframt að huga að því að tónlistarskóli verði þá með í sameiningu.

Á starfsmannafundi 15. febrúar sl. var samrekstur ræddur og var niðurstaðan sú að starfsfólkið er ánægt með stöðuna eins og hún er. Það er góður starfsandi í leikskólanum og gengur vel. +

9. Reynolds annarra

Punktur úr samtali leik- og grunnskólafulltrúa við Önnu Lind Ragnarsdóttir, skólastjóra Súðavíkurskóla og Nanný Örnú Guðmundsdóttir, deildarstjóra leikskóladeildar Súðavíkurskóla.

Aðdragandinn að sameiningu leik- og grunnskóla í Súðavík er langur, en 13 ár eru síðan skólarnir voru komnir í sameiginlegt húsnæði. Allan þann tíma hefur mikið samstarf verið á milli skólanna og áhugi á að vinna meira saman. Þróunarverkefni var unnið fyrir mörgum árum þar sem leikskólabörn komu í grunnskólann í ákveðnum greinum og hefur sá þáttur verið aukinn töluvert. Nú er svo komið að 5 ára börn eru 13 tíma á viku inni með yngsta hóp grunnskólans. Mikið hefur verið rætt um að sameina stjórnunarþáttinn en þangað til ný lög komu út 2008 mátti það ekki.

Anna Lind og Nanný töldu að ákveðin fjárhagsleg hagræðing næðist með þessum breytingum, en gátu ekki sagt nákvæmlega til um hversu mikil hún væri, þar sem á sama tíma og þessi breyting átti sér stað hjá þeim var dregið mikið saman í öðrum þáttum. Sem dæmi þá var grunnskólanum skipt í 3 deildir í stað 4. Skólastjóri leikskólans varð deildarstjóri, en áður hafði verið bæði leikskólastjóri og deildarstjóri, þannig sparaðist eitt stöðugildi.

Skólastýrurnar telja einnig að samstarfið hafi aukist við þessa breytingu, þrátt fyrir að hafa verið mikið fyrir. Telja þó að gefa verði sér tíma til að láta hlutina slípast. Ekki hefur tekist að sameina starfsmenn gömlu skólanna eins vel og ákjósanlegt væri, en unnið er að því að auka samstarf og samskipti þessara tveggja hópa. Uppbyggingarstefnan er nú notuð til að þjappa þessum tveimur starfsmannahópum saman.

Kostir sameiningar að mati Önnu Lindar og Nannýjar Örnú eru eftirfarandi:

Stjórnunarteymi. Í stað þess að vera eini stjórnandinn inn í lítilli einingu er nú komið stjórnunarteymi. Gott að fá samræðuna og stuðninginn.

Starfsmannamál. Kostur að nú sé einn aðili sem sér um öll starfsmannamál. T.d. gott fyrir deildarstjóra leikskólans sem vinnur náið inn á deild með öllum starfsmönnum leikskólans, að þurfa ekki líka að vera að taka á málum sem tengjast starfsmönnum. Tekur af núning.

Foreldrasamstarf. Við sameininguna varð til einn skóli með einu foreldrafélagi. Tilfinning stjórnenda er að foreldrafélagið hafi styrkst við þetta.

Húsið. Algjört lykilatriði í hugum Önnu og Nannýjar er að hafa allan skólann í einu húsi.

Gallar sameiningar að mati Önnu Lindar og Nannýjar Örnú:

Kjarasamningarnir. Ekki er hægt að láta starfsmenn fljóta um stofnunina eins og ákjósanlegt væri vegna mjög svo bindandi kjarasamninga.

Markmiðið sem stefnt er að núna er að ná að láta starfsfólk fljóta á milli skólastiga, þannig að hæfileikar fólks nýtist á báðum skólastigum en ekki bara öðru.

Niðurstaða - Búið er að búa til heildstætt skólasamfélag.

10. Niðurstaða hópsins

Fjárhagsleg- og fagleg hagræðing yrði það lítil að hópurinn telur ekki skynsamlegt að fara út í samrekstur. Þar sem skólarnir eru ekki í sama húsnæði, er ljóst að fagleg hagræðing yrði mjög takmörkuð, hætta er á að ef grunnskólastjóri taki við báðum skólunum að deildarstjóri í leikskólanum sinni áfram nokkurn veginn því sama og leikskólastjóri hefur gert hingað til, nema vinnuskýrslum og bókhaldi, samvinna milli kennara yrði einnig takmörkuð þar sem þeir eru ekki í sama húsnæði og samgangur því lítill. Eins og kom mjög skýrt fram í viðtali við skólastýrnar í Súðavíkurskóla er sameiginlegt húsnæði algjört lykilatriði í samrekstri. En miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi í húsnæðismálum skólanna beggja á Þingeyri er ekki nægjanlegt rými í hvorugum þeirra til þess að hýsa starfsemi beggja skólanna á einum stað.

Það er möguleiki að auka samvinnu þó að skólarnir verði ekki sameinaðir, en nú er nokkur samvinna milli elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans, leikskólinn eldar fyrir grunnskólann og sér einnig um dægradvölinu fyrir þau börn sem þess óska og felur sú þjónusta í sér engan aukakostnað fyrir bæinn. Möguleikar eru á að samreka og vinna saman að fjölbreyttari verkefnum þó að ekki komi til sameiningar, og einnig er möguleiki að skoða sameiginleg innkaup. eru skólastjórar skólanna mjög tilbúnir í meiri samvinnu og stefna á að auka hana sem fyrst.

Það er sameiginleg niðurstaða starfshópsins að þær forsendur sem þurfi að vera fyrir hendi til þess að sameining skólanna sé réttlætanager, sé ekki til staðar í dag. Hvorki fjárhagslega eða faglega séð. Ávinningur nemenda og starfsmann er einnig vandséður. Hópurinn leggur því til að ekki verði farið út í samrekstur skólanna a.m.k. ekki að svo stöddu.

Ísafjarðarbæ 29. mars 2010

Elsa María Thompson, leikskólastjóri

Gunnlaugur Dan Ólafsson, skólastjóri

Sigurlína Jónasdóttir, leikskólafulltrúi

Kristín Ósk Jónasdóttir, grunnskólafulltrúi